



Kópavogur, 20. nóvember 2025.

Umsögn á starfsáætlun leikskóla Kópavogs

Leikskóli: Kópasteinn

Ágæti leikskólastjóri

Starfsáætlun uppfyllir viðmið Menntasviðs, Leikskóladeildar

Allar starfsáætlanir leikskóla ásamt umsögn foreldraráðs eru lagðar fyrir leikskólanefnd til staðfestingar. **Starfsáætlun leikskólans Kópasteins uppfyllir viðmið Menntasviðs, Leikskóladeildar og hefur verið samþykkt af leikskólanefnd með fyrirvara um umsögn foreldraráðs skólans.**

Ef óskað er eftir nánari umræðu/leiðbeiningu um einstaka þætti í starfsáætlun er velkomið að hafa samband við deildarstjóra/leikskólaráðgjafa.

Sigrún Hulda Jónsdóttir, deildarstjóri Leikskóladeildar Menntasviðs

Meðfylgjandi er nánara leiðsagnarmat um starfsáætlun leikskólans.



Viðmið um mat á gæðum

Leikskóladeild hefur eftirlit með gæðum leikskólastarfs í Kópavogi. Við yfirlestur starfsáætlana eru notuð viðmið um mat á gæðum í leikskólastarfi sem gefið var út af Reykjavíkurborg 2014¹.

Einnig er nýttur kvarði sem þróaður var í tengslum við viðmiðagerðina og er hann eftirfarandi:

Dökkgrænn:	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi. Sumir þættir eru öðrum til eftirbreytni.
Ljósgrænn:	Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, styrkleikar fleiri en tækifæri til umbóta.
Gulur:	Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Tækifæri til umbóta fleiri en styrkleikar.
Appelsínugulur:	Margir mikilvægir þættir uppfylla ekki viðmið um gæðastarf.

Niðurstaða: **Dökkgrænn**, **Ljósgrænn**, **Gulur**, **Appelsínugulur**.

¹ [Viðmið um gæðastarf í leikskólum | Reykjavíkurborg \(reykjavik.is\)](http://viðmið.um.gæðastarf.í.leikskólum|Reykjavíkurborg(reykjavik.is))



Leikskóli: Kópasteinn
Dagsetning yfirferðar: 28. október 2025.

Starfsáætlun	Dökkgrænn,Ljósgrænn, Gulur, Appelsínugulur	Athugasemdir
Inngangur		Stutt greinagerð um starf og áskoranir síðasta skólaárs
Skólastarfið/Leiðarljós		Fram kemur að lögð er áhersla á leikinn í öllu skipulagi skólans þar sem hann er bæði náms- og þroskaleið barna
Innra mat leikskólans 2024-2025		Innra mat var ekki unnið í skólanum á liðnu skólaár og ekki er starfandi matsteymi við skólann. EFI-2 og HLJÓM-2 er lagt fyrir börnin
Ytra mat leikskólans 2024-2025		Skólapúlsinn framkvæmdi viðhorfskönnun á meðal starfsfólks í mars. Niðurstöður sýna meðal annars að starfsfólki finnst að mikill hjálpssemi og fróðleikur sé innan skólans. Þegar kemur að niðurstöðum hvað megi bæta er að minnka álag, skortur sé á starfsfólki, bæta þurfi þjálfun nýliða, bæta þurfi aðstöðu fyrir starfsfólk og loftgæði í skólanum. Í niðurstöðum viðhorfskönnunar meðal foreldra kemur fram að almenn ánægja og traust ríki gagnvart skólanum. Ábendingar voru um að úrbóta sé þörf á skýli fyrir kerrur og hjól einnig að útisvæði sé ábótavant. Heilbrigðiseftirlitið, Vinnueftirlitið og Öryggiseftirlit lóða gerðu úttekt á árinu. Athugasemdir komnar í farveg
Umbótaáætlun leikskólans		Greinagóð Umbótaáætlun fylgir
Áherslur í starfi leikskólans		Áherslur næsta starfsárs • Skólinn er á öðru ári í vinnu við að verða réttindaskóli UNICEF • Í þróun er að unnið sé með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í heild sinni í skólanum • Heimsmarkmið eru samþætt daglegu starfi skólans



		• Áætlun um læsisstefnu verður unnin í stjórnendateymi skólans á þessu skólaári • Viðmið um málstefnu hófst á liðnu skólaári í skólanum, klára þarf að setja hana á prent og gera sýnilega • Um 40% barna við skólann eru með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og því er markmið skólans að nýta Hæfniramma í íslensku fyrir þau börn. Sú vinna er hafin • Fram kemur að nýjar áherslur í aðalnámskrá þurfi að setja í skólanámskrá skólans sem er í endurskoðun en sú vinna gengur hægt • Allt starfsfólk hefur fengið fræðslu um Farsældina • Lausnarteymi er starfandi við skólann og gengur vinna teymisins vel • Ekki kemur fram hvernig unnið er með verkefnið Okkar skóli
Þróunar- og nýbreytnistarf		Hafin er innleiðingaferli að því að verða Réttindaskóli UNICEF. Unnið verður að breytingu í tengslum við málörvun barna á skólaárinu
Foreldrasamstarf		Starfandi er foreldraráð og foreldrafélag í skólanum. Foreldrar eru upplýstir með tölvupósti hverjir sitja í ráðinu að loknum aðalfundi sem haldinn er í upphafi hvers skólaárs
Starfsfólk		Góð skil eru gerð á samsetningu starfsfólks, stöðugildum og menntun. Einnig kemur fram að breytingar hafa verið á starfsmannahópnum og meðal annars hóf nýr aðstoðarleikskólastjóri störf í upphafi skólaárs
Símenntunaráætlun		Símenntunaráætlun fylgir
Skipulagsdagar		Skipulagsdagar eru skilgreindir ásamt viðfangefni hvers dags fyrir sig
Aðrar upplýsingar		Fram kemur hve mörg börn verða í skólanum á skólaárinu ásamt aldursskiptingu þeirra. Einnig kemur fram hve mörg börn eru með fjölbreyttan tungumála - og menningarbakgrunn. Fjöldi dvalartíma barna er skilgreindur ásamt fjölda stöðugilda vegna sérkennslu



Húsnæði og lóð		Fram kemur hvaða viðhald var framkvæmt á liðnu ári. Stjórnendur skólans óskuðu eftir að settir yrðu gluggar á hurðir á þessu skólaári. Eignadeild hefur nú þegar hafnað þeirri beiðni
Öryggismál		Öryggisnefnd og áfallaráð er starfandi við skólann. Greinagóð samantekt er á skráningum í Atvik á liðnu skólaári
Lokaorð		Í lokaorðum eru tilgreindar þær áherslur sem unnið verður að á komandi starfsári
Fylgigögn		➤ Umbótaáætlun ➤ Símenntunaráætlun ➤ Skóladagatal ➤
Umsögn foreldraráðs		Umsögn foreldraráðs vantar